



10. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2023-2025

Mánudagur 6. nóvember 2023 kl. 17:00

Mætt til fundar: Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir (GNE) formaður sem stýrir fundi, Lárus Blöndal annar varaformaður (LB), Guðrún Kristmundsdóttir (GK) gjaldkeri, Herbert Arnarson, Jón Bender Ágúst Angantýsson (ÁÁ), Heiðrún Kristmundsdóttir (HK) og Einar Hannesson (EH).

Hannes S. Jónsson (HSJ) framkvæmdastjóri sat fundinn.

Birna Lárusdóttir (BL) varaformaður var á Teams.

HSJ ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt rafrænt og verið birt á kki.is.

2. Fjármál - 9 mánaða uppgjör

Búið að ræða og fara yfir á fjárhagsnefndarfundum, hátt í 17 milljóna króna tap á fyrstu 9 mánuðum en samkvæmt áætlun var gert ráð fyrir 5 milljón króna tapi. Uppgjörið og áætlun eru að standast á langflestum sviðum nema í afreksmálum. Stærstu ástæður er hærri kostnaður við flug, uppihald og heilbrigðisteymi allra landsliða.

Miðað við þetta sem og þau gjöld og tekjur sem eiga eftir að koma inn, má gera ráð fyrir að um 12-15 milljón króna tap verði hjá okkur. Endurskoðuð áætlun í apríl gerði ráð fyrir 2 milljón króna tapi.

3. Afreks- og landsliðsmál - landsleikir framundan og þjálfarar yngri landsliða

Í dag var kynntur nýr landsliðsbúningur og ný fatalína landsliðanna okkar, verið í vinnslu í þó nokkurn tíma og því ánægjulegt að geta loksins kynnt hann og landsliðin okkar farin að nota fatnaðinn. Ásta Júlía Grímsdóttir og Ægir Steinarsson voru fengin til að kynna búninginn í auglýsingu.

Stelpurnar okkar fóru út í dag, keppa við Rúmeníu kl. 16.00 á fimmtudaginn og verður leikurinn í beinni á RÚV.

Á sunnudaginn kl. 18.30 mætum við Tyrkjum í Ólafssal, Lykill býður öllum frítt á leikinn. Sá leikur verður sýndur á RÚV2.

Búið er að ráða aðalþjálfara á flest öll yngri landslið fyrir verkefni næsta árs, aðstoðarþjálfarar komnir á einhver lið en það er enn í vinnslu.

Laugardaginn 11. nóvember verða afreksnefnd og afreksstjóri með fund með Baldri Pór Ragnarssyni yfirþjálfara þar sem farið verður yfir helstu áherslur okkar og málefni yngri landsliðanna almennt.

4. Norðurlandafundur

Í lok október var árlegur fundur í Tallin, en fundinn sóttu formenn, framkvæmdastjórar og afreksstjórar. Farið var yfir þau málefni sem tekin voru fyrir á fundinum.

5. ÍSÍ og UMFÍ

Drög að nýrri reglugerð fyrir afrekssjóð ÍSÍ var loksins kynnt sérsamböndunum 17. október. Vantar töluvert uppá vinnubrögð ÍSÍ í vinnu sem þessari. Gefin var vika til að koma með athugasemdir eftir kynningu á drögunum og skiluðum við inn athugasemdum innan tímarammans. Einungis fimm önnur sérsambönd skiluðu inn athugasemdum sem er áhugavert.

Ný reglugerð hefur ekki verið gefin út ennþá og vitum við ekki hvenær það verður.

HSJ sótti þing UMFÍ 20. október.

6. Nýtt mótakerfi og ný heimasíða

Farið yfir stöðuna á þessari vinnu sem hefur því miður tekið of langan tíma. Hefur verið ansi erfitt fyrir félögin okkar og starfsfólk. Vonandi mun ýmislegt skýrast betur á næstu vikum og kerfið fari að virka eins og það á að gera. Þegar farið er í breytingar eins og þessar þá koma alltaf upp verkefni sem þarf að leysa og tíminn lengist. Við biðlum til allra að gefa okkur tíma til þess að klára þetta verkefni.

7. Sjónvarpsmál og veðmálaréttindi

Farið yfir stöðuna á viðræðum okkar við fyrirtæki um sjónvarps- og veðmálarétt.

8. Til upplýsinga

Farið yfir nokkur mál til upplýsinga fyrir stjórn.

Næsti fundur mánudaginn 4. desember kl. 17.00.

Fundi slitið 19:10